

Nr. 049/09 Særún 2427**Tók niðri á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 2427
Smíðaður: Noregi 1978, ál
Stærð: 193 brl. 194 bt.
Mesta lengd: 28,15 m Skráð lengd: 25,92 m
Breidd: 9 m Dýpt: 2,48 m
Vél: MTU (2) 1.618 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 6
Fjöldi farþega: 91



Særún©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. maí 2009 var Særún á skemmtisiglingu við suðureyjar Breiðafjarðar. Veður: SA 9 m/s.

Þegar Særún var stödd sunnan við Steinakletta í mynni Hvammsfjarðar rakst bakborðsskrúfa í botn og skemmdist.

Við rannsókn kom fram:

- að útfalli (SV fall) var að ljúka í Röstinni en ekki kominn fjöruliggjandi svo bakfalls gætti (N-lægur straumur) sunnan við eyjuna sem bar skipið nær ströndinni, en skipstjóri hugði, sökum lítillar ferðar þess. Skipstjóri sagðist haf beygt frá en þá sló skutnum nær fjörunni og skrúfan fór í botninn;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa landmið sem sýni hversu nálægt megi fara en aðdjúpt er upp í fjöruna og hann hafi það sem reglu að fara ekki nær en skipsbreidd frá fjöruborði

Nefndarálit:

Orsök óhappsins er óaðgæsla við stjórnun skipsins.